

Páskar vor og sumar 2021

Til notenda Bókasafns Grundarfjarðar.

Bókasafn Grundarfjarðar er í Sögumiðstöðinni. Gengið inn að vestan/norðanverðu (Kirkjufellsmegin).

Opið er alla virka mánudaga til fimmtudaga kl. 13:00-17:00.

Um Páskahátíðina er lokað frá fimmtudegi, Skírdag, til mánudagsins annars í Páskum.

Sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 22. apríl er lokað og síðan á Uppstigningardag 13. maí sem er fimmtudagur og annan í hvítasunnu, 24. maí, mánudag.

Ég reikna með að aukin starfsemi Upplýsingamiðstöðvar hefjist 1. júní. Það er hægt að fylgjast með því á Facebook bókasafnsins og á bæjarvefnum.

Helstu miðlar bókasafnsins eru facebooksíðan <https://www.facebook.com/Bokasafngrundarfjardar> og undirsíða á bæjarvefnum, <https://www.grundarfjordur.is/is/mannlif/menning/bokasafn-grundarfjardar> þar sem allar fastar upplýsingar eru tiltækar.

Ég hef safnað saman ýmsu efni, skemmtun, leikjum, fróðleik o.fl., inn á hóp á Facebook bókasafnsins, sjá: <https://www.facebook.com/groups/134633680400401>.

Samfélagsmiðstöðin er að taka á sig mynd og verður opið á milli hennar og bókasafnsins eftir þörfum. Allar hillur bókasafnsins sem voru í Sögumiðstöðinni eru nú komnar inn í vestursalinn og þykir bara nokkuð huggulegt.

Eins og áður er auðvelt að fá lánaðar bækur úr geymslu bókasafnsins að Grundargötu 30. Það minnir svo á möguleika á löngu láni sem ég greip til þegar umframbækur voru fluttar niður í geymslu í febrúar. Hægt er að fá slatta af bókum lánaðar í einu í hálf ár með möguleika á framlengingu. Hugsunin er sú að þær séu betur komnar á heimili hjá lánþegum sem langar til að hafa svolítið úrval við höndina eða eru að grúska í einhverju málefni heldur en í lokaðri geymslu úti í bæ. Það eina sem þarf að hafa í huga er að það þarf að vera hægt að fá bók til baka ef beðið er um hana.

Bókasöfnin finna fyrir því að fólk sækir sér lesefni annars staðar en á bókasöfnum og nýtir sér mjög gott framboð á hlustunar og rafrænu efni á Storytel. Það er gott að vita að margir eru nú að uppgötva bókmenntaheiminn með auðveldu aðgengi. Bæði börn og unglingar og treglæsir fullorðnir, sem hafa ekki fundið ánægju í lestri bóka, sitja eða stússast í sínu með heyrnartólin í eyrunum og fullorðnir eru að enduruppgötva ánægjuna af lestri bóka. Þetta er allt jákvætt og vonandi líður ekki langur tími þar til útgefendur og rithöfundar semja við bókasöfnin um afnot af lesefni þeirra á Rafbókasafninu sem því miður er lítið notað enda mest allt íslenska efnið gamalt og komið úr höfundarétti.

Sjá: <https://rafbokasafnid.overdrive.com/> og leiðbeiningar: <https://borgarbokasafn.is/rafbokasafnid/leidbeiningar-fyrir-rafbokasafnid>. Það þarf að koma á bókasafnið eða senda tölvupóst til að fá notandanafn og lykilorð ef þið hafið ekki þegar fengið slíkt.

Nýjar bækur.

Með hliðsjón af breyttum lestrarvenjum hef ég hugsað mér að halda áfram að kaupa bækur eftir höfunda sem eru nokkuð mikið lesnir hér há okkur. Einnig mun ég velja sumar íslenskar bækur sem fjallað eru um í Kiljunni.

Betur sjá augu en auga. Ég vil biðja notendur bókasafnsins að koma með tillögur um innkaup. Það má senda mér tillögur í tölvupósti eða einkaskilaboðum á facebook: <https://www.facebook.com/Bokasafngrundarfjardar>.

Þegar bókum er skilað eru þær þvegnar að utan og settar í sóttkví í fjóra daga vegna smíðhættu.

Ekki er hægt að lesa tímarit og dagblöð á bókasafninu en um að gera að fá þau lánuð heim.


Munið sjálfsafgreiðsluna á bókasafninu þegar starfsfólk er ekki við eða er upptekið af öðru.



Alveg ljómandi úrval af handavinnubókum með nýjum uppskriftum en einnig gömlum munstrum og uppskriftum.



Við reyndum að hafa svolitla setustofu. Í bígerð er að hækka sófana með upphækkun. Þeir eru hættulega lágir 😊.



Myndir af nýjum bókum eru alltaf settar á facebooksíðuna.



Séð til gluggans sem er á veggnum inn í samfélagsmiðstöðina í miðju húsinu.



Sjálfsafgreiðsla þegar starfsfólk er ekki við eða er upptekið af öðru.

10 bækur á 13 árum



2000 - 2001 - 2002 - 2003 - 2004



2005 - 2006 - 2008 - 2009 - 2012

HL 309.

Fólkið Fjöllin Fjörðurinn er til á bókasafninu og kostar hver bók 1000. kr.

Þær eru líka komnar á bæjarvefinn, sjá: <https://www.grundarfjordur.is/is/mannlif/menning/folkid-fjollin-fjordurinn>


Einnig eru til sölu:

Örnefnamyndir úr Eyrarsveit, lágmynd, aflöng kr. 1.000.- og há, aflöng 2.000 kr. Án ramma.

Svartihnúkur-Stríðssaga úr Eyrarsveit sem er mynd um flugslysið við Svartahnúk í Hrafnkelsstaðabotni, 2.5500 kr,

Bókin Hjalla meður græna sem er héraðsrit Austur Barðstrendinga, hálfvirði 6.000 kr,

Seawomen of Iceland eftir Margaret Willson, kr. 5.200.- Fróðleikur um konur sem sóttu sjóinn er m.a. á facebooksíðunni Sjókonur á Snæfellsnesi, sjá: <https://www.facebook.com/groups/185697792721498>.



Harry potter and the philosopher's stone, 21st anniversary edition. Falleg, látlaus bók á 1500 kr.

Við útidyrnar þegar komið er inn í bókasafni eru hillur með bókum sem má hirða og þarf ekki að skila. Mikið af þeim koma frá hugulsömum lesendum bókasafnsins eða fólki sem er að losa sig við bækur úr geymslum og hillum heima.

Ég set líka þarna bækur með sál sem ég tek úr notkun á bókasafninu.

Verið velkomin að koma og kíkja á þær. Góður kostur í bústaðinn eða hjólhýsið eða bara til einkanota og gjafa.

Vorkveðjur. Sunna.